

Frá hjara veraldar

Melitta Urbancic (1902–1984) – í útlegð frá Austurríki á Íslandi

Vom rand der welt

Melitta Urbancic (1902–1984) Österreichisches Exil in Island

Sýning í Þjóðarbókhlöðunni í Reykjavík, opnuð 8. mars 2014
Ausstellung in Islands Nationalbibliothek, eröffnet 8. März 2014

LANDSBÓKASAFN ÍSLANDS
HÁSKÓLABÓKASAFN

Reykjavík
Bókmenntaborg
UNESCO

Stofnun
VIGDÍSAR FINNBOGADÓTTUR
í erlendum tungumálum

Österreichische Botschaft
Kopenhagen

Frá hjara veraldar
Melitta Urbancic (1902-1984)
- í útlegð frá Austurríki á Íslandi

Vom Rand der Welt
Melitta Urbancic
(1902 – 1984)
Österreichisches Exil in Island

Sýning í Þjóðarbókhlöðu, opnuð 8. mars 2014
Ausstellung in Islands National Bibliothek eröffnet 8. März 2014

Sýningartexta skrifaði dr. Ursula Seeber sem hefur starfað að skjalavörslu nútímabókmennta í Austurríki og hefur frá 1993 stýrt Austurríska útlagabókasafninu (Österreichische Exilbibliothek) í Bókmenntahúsinu í Vín þar sem sýningin um Melittu var fyrst sett upp haustið 2011.

Der Ausstellungstext stammt von Dr. Ursula Seeber, der Initiatorin und Kuratorin der Ausstellung in Wien. Sie arbeitet auf dem Gebiet der Dokumentation von neuerer österreichischer Literatur und ist seit 1993 Leiterin der Österreichischen Exilbibliothek im Literaturhaus in Wien. Dort war die Ausstellung über Melitta Urbancic im Herbst 2011 erstmals zu sehen.

Þýðing sýningartexta/ Übersetzung Ausstellungstext: Pétur Urbancic
Prófarkalestur/ Korrektur: Gauti Kristmannsson og/und Bryndís Ísaksdóttir
Hönnun sýningar og skrár/ Design-Ausstellungen und Ausstellungskataloge: Ólafur J. Engilbertsson
Ljósmyndir/Fotos: Trude Fleischmann, Nanna Bisp Büchert; Helgi Bragason o.fl./ u.a.
Prentun skrár/ Druckausstellungskataloge: Litróf - Hagprent
Prentun sýningar/ Druck Aufführungen: Sýningakerfi
© Landsbókasafn Íslands – Háskólabókasafn, 2014
ISBN 978-9935-434-04-3

Kveðjuorð frá austurríska sendiherranum

Skáldkonan, myndhöggvarinn og leikkonan Melitta Urbancic, fædd Grünbaum í Vínarborg, var ásamt eiginmanni sínum, Victor Urbancic, tónlistarmanni, á meðal þeirra austurrísku borgara sem eignuðust nýtt heimili á Íslandi árið 1938. Ísland sem áfangastaður flóttamanna undan nasismanum er heillandi og allt of lítt þekkt viðfangsefni.
Það er stórkostlegt að Landsbókasafn Íslands – Háskólabókasafn, Reykjavík Bókmenntaborg UNESCO, Austurríska útlagasafnið í Bókmenntahúsi Vínar og dóttir og barnabarn Melittu Urbancic, Sibyl Urbancic og Johann Kneihs, hafi gert þessa mikilvægu sýningu mögulega.
Þar verður ljóst með hjartnæmum hætti hvernig Melitta gat nýtt sér nýtt og jákvætt umhverfi á nýjum heimaslóðum eftir flóttann frá Austurríki. Íslendingar tóku við og björguðu fjölmörgu hæfileikafólki, sem flúði undan ofsóknum nasista, og er Austurríki þeim ævinlega þakklátt fyrir það.

Sendiherra Austurríkis á Íslandi

Dr. Ernst-Peter Brezovszky

Grußadresse des österreichischen Botschafters

Die Wiener Dichterin, Bildhauerin und Schauspielerin Melitta Urbancic, geborene Grünbaum, gehörte gemeinsam mit ihrem Mann, dem Musiker Victor Urbancic, zu jenen Österreicherinnen und Österreichern, denen Island 1938 zur zweiten Heimat wurde. Island als Fluchtort vor den Nationalsozialisten ist ein faszinierendes und zu wenig bekanntes Thema.
Es ist großartig, dass die National- und Universitätsbibliothek Islands, die UNESCO-Literaturstadt Reykjavik, die österreichische Exilbibliothek im Literaturhaus Wien, aber auch Tochter und Enkelsohn von Melitta Urbancic, Sibyl Urbancic und Johann Kneihs, diese wichtige Ausstellung ermöglicht haben.
In berührender Weise wird hier deutlich, wie Melitta und Victor nach dem Trauma der Vertreibung aus ihrer alten Heimat das neue und so positive Umfeld in Reykjavik nutzen konnten. Österreich ist Island für die Aufnahme und Rettung zahlreicher Menschenleben und Talente, die vor dem Naziterror fliehen mussten, für immer zu Dank verpflichtet.

Der Botschafter der Republik Österreich in der Republik Island

Dr. Ernst-Peter Brezovszky





Melitta Urbancic með bók, um 1930.

Melitta Urbancic mit Buch, um 1930.

Aðfaraorð

Fólk sem var á flótta undan járnhæl nasismans leitaði sumt hælis á Íslandi. Ísland var miðpunktur athyglinnar á bókasýningunni í Frankfurt í Þýskalandi 2011 og jókst þá áhugi margra á að kynnast þeim litla hópi flóttamanna sem settist að í landinu norður við heimskautsbaug.

Sýning þessi er helguð skáldkonunni, myndhöggvaranum og leikkonunni Melittu Urbancic, fæddri Grünbaum (1902-1984), sem leitaði hælis ásamt eiginmanni sínum, tónvísindamanninum, tónskáldinu og hljómsveitarstjóranum Victor Urbancic (1903-1958), og börnum þeirra í Reykjavík árið 1938. Bæði hafa þau markað varanleg spor í menningarlíf Íslendinga.

Melitta Urbancic, sem varð að sætta sig við harkaleg endalok ferils síns sem listakona vegna ofsókna og brottvísunar nasista, sneri ekki til baka til Austurríkis eftir lok stríðsins 1945. Hún má heita óþekkt sem rithöfundur nema meðal þeirra sem rannsakað hafa verk fólks í útlegð. Engu að síður er framlag hennar á sviði ljóðlistar, bréfaskipta við andans menn og þýðendur og til menningarlegra samskipta landanna verulegt, að ógleymdu frumkvæði hennar við að koma á fót býflugnarækt á Íslandi.

Sýningunni er í fyrsta lagi ætlað að kynna gögn er varða æviferil og listsköpun þessarar austurrísku skáldkonu. Bókmenntalegt samband hennar við hóp bókmenntafrömuða, sem kenndur er við Stefan George, er kynnt svo og afstaða hennar til heimspekikenninga Karls Jaspers og skoðanaskipti hennar við skáldkonurnar Eriku Mitterer og Paulu von Preradovic. Hin óþekktu kvæði í kvæðasafni hennar „Vom Rand der Welt“ („Frá hjara veraldar“) færa lesandann nær hinum sársaukafulla missi ættjarðar og móðurmáls og erfiðri aðlögun hennar að framandi og hrjóstrugu umhverfi útlegðarlandsins. Höggmyndir hennar markast bæði af umhverfi norrænnar dulhyggju og kristilegum trúarskoðunum, auk þess sem þau vitna um hin djúpu tengsl hennar við gyðingdóminn.

Sérstakar þakkir eru færðar dóttur Melittu Urbancic og dóttursyni hennar, Sibyl Urbancic og Johann Kneihs (Vínarborg), sem hafa lagt ómetanlegan skerf til þessarar sýningar með ráðum og dáð svo og með efnalegum stuðningi.

Ef ekki er annars getið, eru sýningarmunirnir fengnir að láni úr búum fjölskyldnanna Urbancic og Kneihs.

Ursula Seeber

Präambel



Daß der zweitgrößte Inselstaat Europas, Island, auch ein Fluchtort vor den Nationalsozialisten war, ist in der Öffentlichkeit kaum bekannt. Der Länderschwerpunkt Island auf der diesjährigen Frankfurter Buchmesse bietet den Anlaß, über die kleine Gruppe von Flüchtlingen im Land am Polarkreis zu berichten.

Gewidmet ist diese Ausstellung der Wiener Dichterin, Bildhauerin und Schauspielerin Melitta Urbancic, geb. Grünbaum (1902-1984), die mit ihrem Mann, dem Musikwissenschaftler, Komponisten und Dirigenten Victor Urbancic (1903-1958) und ihren Kindern 1938 in Reykjavík Zuflucht fand. Beide haben das Kulturleben Islands nachhaltig geprägt.

Melitta Urbancic, deren künstlerische Laufbahn unter den Bedingungen von nationalsozialistischer Verfolgung und Vertreibung gewaltsam unterbrochen wurde, kehrte 1945 nicht mehr nach Österreich zurück. Als Autorin ist sie, außer im Kontext der Exilforschung, unbekannt. Gleichwohl verkörpert sie als Lyrikerin, Korrespondentin und Übersetzerin, als Bildhauerin im öffentlichen Raum und nicht zuletzt als Bienenzüchterin in Island beispielhaft einen dem Exil geschuldeten kulturellen Transfer zwischen beiden Ländern.

Die Ausstellung präsentiert erstmals Dokumente zur Biografie und zum künstlerischen Werk dieser österreichischen Dichterin. Die literarische Beziehung zum George-Kreis und ihre Rezeption der Philosophie von Karl Jaspers werden ebenso beleuchtet wie ihre Freundschaft mit Erika Mitterer und Paula von Preradović. Die unbekannten Gedichte ihrer Sammlung „Vom Rand der Welt“ reflektieren den schmerzhaften Verlust von Heimat und Sprache und die pragmatische Anpassung an das fremdartige, karge Exilland. Das bildhauerische Werk ist von Motiven aus der nordischen Mythologie und aus der christlichen Glaubenswelt bestimmt und reflektiert zugleich ihre tiefe Bindung an das Judentum.

Besonderer Dank gilt der Tochter und dem Enkel von Melitta Urbancic, Sibyl Urbancic und Johann Kneihs (Wien), die dieses Projekt großzügig mit intellektueller und materieller Unterstützung begleitet haben. Wenn nicht anders angegeben, stammen die Leihgaben aus dem Besitz der Familien Urbancic / Kneihs.

Ursula Seeber



Melitta og Victor Urbancic, um 1930.

Melitta und Victor Urbancic, etwa 1930.

Æviferill Melittu Urbancic

1902 fæðist Melitta Grünbaum í Vínarborg, hinn 21. febrúar, dóttir dr. Alfreds Grünbaum lögfræðings og Ilmu Grünbaum, fæddrar Mauthner.
Hún stundar nám í þýsku, heimspeki og ensku við háskólann í Vínarborg og Ruprecht-Karl-háskólann í Heidelberg, m. a. undir leiðsögn Karls Jaspers og Friedrichs Gundolfs. Melitta fæst frá blautu barnsbeini við kveðskap sem liggur eftir hana í óútgefnum safnritum, þ. á. m. „Kairos“, „Vom Rand der Welt“, „Ferne Nähe“ og „Schwarzwälder Tagebuch“.
1928 lýkur hún doktorsgráðu við háskólann í Heidelberg með ritgerð um Christian Dietrich Grabbe. Meðfram háskólanáminu stefnir hún að leikkonuferli.
1928 fær hún fyrst ráðningu við leikhúsið í Koblenz undir listamannsnafninu Makarska.
1930 giftist hún tónskáldinu, pínóleikaranum og hljómsveitarstjóranum Victor von Urbantschitsch.
1931 fæðist sonurinn Peter í Vínarborg.
1932 fæðist dóttirin Ruth í Mainz, en þar starfar Victor Urbantschitsch við kennslu í pínóleik og hljómfræði við tónlistarháskóla bæjarins.
1933 flytja þau hjónin til baka til Vínarborgar.
1934 flytja þau til Graz, þar sem Victor tekur við kennslu við tónlistarháskólann.
1937 fæðist dóttirin Sibylle í Graz.
1938 andast faðir Melittu, dr. Alfred Grünbaum, skömmu eftir innrás þýsks herliðs í Austurríki.
1938 flyst fjölskyldan búferlum til Íslands. Melitta Urbantschitsch starfar áratugum saman eftir það sem kennari í erlendum tungumálum í Reykjavík.
1943 andast móðir Melittu, Ilma Grünbaum, eftir nauðungarflutninga til fangabúðanna í Theresienstadt.
1945 fæðist dóttirin Erika í Reykjavík.
1949 öðlast fjölskyldan íslenskan ríkisborgararétt og breytir rithætti nafnsins í Urbancic.
1958 andast Victor Urbancic.
1945 og allar götur síðan fær Melitta Urbancic birtan kveðskap og bréfaskipti sín í ævisagnaritum, blöðum og tímaritum á þýsku. Heimspekilegar hugleiðingar hennar birtust á síðari árum í kaþólska tímaritinu „Entscheidung“ undir einkennisstafnum „M“. Ennfremur þýðir hún úr íslensku. Undir lok sjötta áratugarins gerist hún frumkvöðull í býflugnarækt á Íslandi. Eftir hana sem myndhöggvara liggja allmörg verk sem sum hver prýða opinberar byggingar í Reykjavík.
1984 andast Melitta í Reykjavík hinn 17. febrúar.

Biografie Melitta Urbancic

Am 21. Februar 1902 wird Melitta Grünbaum als Tochter von Dr. Alfred, Rechtsanwalts, und Ilma Grünbaum, geb. Mauthner, in Wien geboren.
Studium der Deutschen Philologie und Philosophie an der Universität Wien und an der Ruprecht Karls-Universität in Heidelberg, u. a. bei Karl Jaspers und Friedrich Gundolf.
Seit frühester Kindheit schreibt Melitta Grünbaum Gedichte, die in mehreren unpublizierten Sammlungen im Nachlaß erhalten sind, darunter „Kairos“, „Vom Rand der Welt“, „Ferne Nähe“ oder „Schwarzwälder Tagebuch“.
1928 Promotion an der Universität Heidelberg mit einer Arbeit über Christian Dietrich Grabbe. Parallel zum Studium Vorbereitung auf eine Laufbahn als Schauspielerin.
1928 erstes Engagement am Theater in Koblenz unter dem Künstlernamen Makarska.
1930 Heirat mit dem Komponisten, Pianisten und Dirigenten Victor von Urbantschitsch.
1931 Geburt von Sohn Peter in Wien.
1932 Geburt von Tochter Ruth in Mainz, wo Victor Urbancic als Lehrer für Klavier und Theorie an der städtischen Musikhochschule wirkt.
1933 Rückkehr nach Wien.
1934 Übersiedlung nach Graz, wo Victor Urbancic am Konservatorium lehrt.
1937 Geburt der Tochter Sibylle in Graz.
1938 Tod des Vaters Dr. Alfred Grünbaum, kurz nach dem Einmarsch deutscher Truppen in Österreich.
1938 Emigration der Familie nach Island. Melitta Urbancic arbeitet in Reykjavík viele Jahrzehnte als Lehrerin für Fremdsprachen.
1943 Tod der Mutter Ilma Grünbaum, nach der Deportation nach Theresienstadt.
1945 Geburt der Tochter Erika in Reykjavík.
1949 Erhalt der isländischen Staatsbürgerschaft. Die Familie ändert ihren Namen auf Urbancic.
1958 Tod von Victor Urbancic.
Melitta Urbancic publiziert ab 1945 Gedichte und Korrespondentenberichte in deutschsprachigen Anthologien, Zeitungen und Zeitschriften. Philosophische Texte erscheinen in späteren Jahren in der katholischen Zeitschrift „Entscheidung“ unter dem Kürzel „M“. Sie übersetzt aus dem Isländischen. Ende der 1950er Jahre wird sie zu einer Pionierin der Bienenzucht in Island. Als Bildhauerin schafft sie eine Reihe von Skulpturen, von denen einige in öffentlichen Gebäuden in Reykjavík stehen.
Am 17. Februar 1984 Tod in Reykjavík.



Melitta Urbancic, austurrískt vegabréf, 1931.

Melitta Urbancic, Österreichischer Reisepaß, 1931.



Melitta Urbancic, leikkonuljósmynd frá 3. áratug aldarinnar.

Melitta Urbancic, Schauspielerfoto, 1920er Jahre.

Mennta- og listaferill

Melitta Urbancic lagði stund á heimspeki og þýsk fræði við háskólann í Vínarborg og Ruprecht-Karls-háskólann í Heidelberg. Hún lauk doktorsgráðu í Heidelberg með rannsókn sinni á verkum skáldsins Christian Dietrich Grabbe. Meðfram háskólanáminu stefndi hún á feril sem leikkona og komst að við nýstofnaðan leiklistarskóla hins fræga leikstjóra, Max Reinhardt. Hún fékk fyrsta ráðningarsamning sinn við leikhús í Baden-Baden undir listamannsnafninu Makarska og síðan í Koblenz. Hún hafði einnig áhuga á leikstjórn og leikbókmenntum.

Melitta Urbancic var ekki aðeins fjölgáfuð sem ljóðskáld, hugvísindamaður og leikkona, heldur kom víðar við á sviði menningarmála. Iðulega má finna í dagbókum hennar minnispunkta um tónleika, til dæmis um Brucknertónleikakvöld undir stjórn Clemens Krauss í Heidelberg árið 1925.

Nám hennar hjá Karl Jaspers í Heidelberg virðist hafa haft varanleg áhrif á hugmyndaheim hennar. Verulegan þátt í endurminningum sínum helgar hún þessum kennara sínum, með „óviðjafnanlega persónulega útgeislun sína“, eins og hún orðaði það. Existensíalískar heimspekikenningar Karls Jaspers, ásamt trúarlegum, sagnfræðilegum og fjölmenningarlegum viðhorfum hans á þessum sviðum, enduróma í kvæðum hennar og ritgerðum um heimspekileg efni, sem hún birti á áttunda áratugnum í tímaritinu *Entscheidung; Blätter katholischen Glaubens.* Kvæði hennar frá því um 1940 í kvæðasafninu „Kairos“, sem heitir eftir hinum gríska guði „hins rétta augnabliks“, sýna hugarheim þessarar hámenntuðu listakonu, sem tekst þar á við hið trúarheimspekilega hugtak „um hið heppilega augnablik hverrar ákvörðunar“ og samsvörun þess við hugtak Jaspers um jaðaraðstæður og hið kristilega og dulspekilega „andartak náðarinnar“, sem tengir það aftur við hina siðfræðilegu kröfu um svar við spurningunni: „Hvenær, ef ekki nú?“

Intellektueller und künstlerischer Werdegang

An der Universität Wien und an der Ruprecht Karls-Universität in Heidelberg studierte Melitta Urbancic Germanistik und Philosophie. 1928 promovierte sie in Heidelberg mit einer Dissertation über den Vormärzdichter Christian Dietrich Grabbe. Parallel zum Studium bereitete sie sich auf eine Laufbahn als Schauspielerin vor (sie hatte zunächst geplant, an Max Reinhardts neugegründetes Schauspielseminar zu gehen) und erhielt 1928 ihr erstes Engagement am Theater in Baden-Baden, und später in Koblenz, unter dem Künstlernamen Makarska. Regie und Dramaturgie waren ebenfalls Wunschberufe im Kontext ihrer Theaterambitionen.

Melitta Urbancic war nicht nur mehrfach begabt – als Lyrikerin, Geisteswissenschaftlerin und Schauspielerin –, sondern auch kulturell vielseitig versiert. Ihre Eindrücke von Konzerten, wie hier von einem Bruckner-Abend unter dem Dirigenten Clemens Krauss in Heidelberg 1925, hielt sie regelmäßig im Tagebuch fest.

Zu den nachhaltigsten intellektuellen Erfahrungen zählte ihr Studium bei Karl Jaspers in Heidelberg. In ihren Erinnerungen widmet sie ihrem Lehrer mit seinem „unwiedergebbare[n]persönliche[m] Fluidum“ einen verehrungsvollen Abschnitt. Die Existenzphilosophie Jaspers’ mit ihren religions- und geschichtsphilosophischen und interkulturellen Aspekten, mit ihrem psychologischen Hintergrund, vor allem mit ihrer Orientierung an der Seinsfrage findet ihr Echo in Melittas Urbancics Gedichten und in ihren philosophischen Essays, die sie in den 1970er Jahren in der Wiener Zeitschrift *Entscheidung. Blätter katholischen Glaubens* publizierte. Die 1940 entstandenen Gedichte der Sammlung „Kairos“, nach dem griechischen Gott des „richtigen Augenblicks“ benannt, reflektieren die Gedankenwelt dieser hochgebildeten Künstlerin, in der sich der religiös-philosophische Begriff des „günstigen Moments einer Entscheidung“ mit dem Jasperschen Begriff der Grenzsituation und dem christlichen-mystischen „Gnadenaugenblick“ zum ethischen Imperativ des „Wann wenn nicht jetzt“ verbindet.



Karl Jaspers.



Melitta Urbancic.
Ljósmynd/Foto Trude Fleischmann.

Samskipti við Friedrich Gundolf

Samkvæmt því sem Melitta Urbancic greinir frá í minningum sínum, „Begegnungen mit Gundolf“ (Samskipti við Gundolf, Marbach, 2012), ollu fyrirlestrar úr riti Friedrichs Gundolfs (sem hann samdi sem doktorsritgerð árið 1911), „Shakespeare og hinn þýski andi“, straumhvörfum hjá þýskunemanum frá Vínarborg. Þrauthugsuð túlkun Gundolfs á heimspekilegum söguskilningi, sem átti sér grundvöll í lífsspeki skáldsins, virðist hafa haft jafn ítarleg áhrif á hana sem og vísindaleg framsetning hans: „Þetta er safamikið, gagnort mál, auðgað af skilningsnautn skynjunarinnar og lýst af glöggskyggni andans. Orðaforðinn er óþrjótandi og um leið náttúrlegur og framúrskarandi nákvæm skilgreining hugsunarinnar býður upp á sjaldgæfa vellandi, sindrandi tjáningu, sem þrátt fyrir það varðveitir kristaltæra áferð sína í andlegri skynjun.“

Hún ákvað að skipta um háskóla og innritaðist í háskólann í Heidelberg, þar sem Gundolf (1880-1931) hafði gegnt stöðu prófessors í germönskum fræðum frá 1916. Hún varð í fyrstu fyrir nokkrum vonbrigðum vegna þess að hann var fremur þurr fyrirlesari, auk þess sem hún kunni ekki við viðhorf sumra samstúdenta sinna sem voru undir áhrifum Stefans George. Hún komst þó fljótlega í persónuleg kynni við Gundolf og kunni síðan að meta hann. Náinn andlegur kunningsskapur þróaðist með þeim sem fær staðfestingu í gagnkvæmum bréfaskiptum og kvæðum sem þau ortu hvort til annars.

Friedrich Gundolf, sem hafði verið þátttakandi í innsta hring Stefans George, þótt síðan skildi með þeim árið 1923, gerði miklar kröfur til strangs stíls og mikils aga í ljóðrænum kveðskap síns tíma. Melitta studdi þessi viðhorf hans með þeirri sannfæringu, „að ytri gerð listaverks [... er] ekki valkvæður hjúpur innihaldsins, sem skipta má um að vild – heldur óaðskiljanlegur hluti þess, vaxinn úr einstöku eðli þess og með sama blóði, sem að sínu leyti nærir það og verndar og tekur breytingum með því í einstöku, lifandi sambandi.“ Hún er sama sinnis og Gundolf í munnlegri framsetningu ljóðræns kveðskapar, eins og George-sinnar einnig, sem kallað var „psalmodieren“.

Melitta innkallaði handrit sitt að „Begegnungen mit Gundolf“ skömmu áður en átti að birta það, af því að hún vildi ekki samþykkja birtingu þess undir hennar nafni. Bókin *Begegnungen mit Gundolf* var gefin út hjá Literaturarchiv Marbach árið 2012.

Begegnungen mit Friedrich Gundolf


Friedrich Gundolf.

Wie Melitta Urbancic in ihrem bisher unpublizierten Erinnerungstext „Begegnungen mit Gundolf“ schreibt, war die Lektüre von Friedrich Gundolfs (1911 als Habilitation verfaßtes) Werk „Shakespeare und der deutsche Geist“ ein Schlüsselerlebnis für die junge Germanistikstudentin aus Wien. Gundolfs geistesgeschichtlich orientierte Interpretation, in der die lebensphilosophisch geprägte Erfassung des Dichters im Mittelpunkt steht, wird sie ebenso angesprochen haben wie seine Wissenschaftssprache: „Es ist eine saftige, üppige Sprache, von Wahrnehmungslust der Sinne geschwellt und von Hellsichtigkeit des Geistes durchleuchtet. Unerschöpflich in ihrem natürlichen Wortschatz und unübertrefflich in ihrer gedanklichen Präzision, bietet sie das seltene Phänomen einer brodelnden, gischtsprühenden Sprachflut, die trotzdem kristallklar bleibt, bis auf ihren geistigen Grund.“

Sie beschloß an die Universität Heidelberg zu wechseln, wo Gundolf (1880-1931) seit 1916 eine Professur für Germanistik innehatte. Vom Künstlerhabitus und der Art seines akademischen Vortrags war sie zunächst enttäuscht, vom George-affinen Erscheinungsbild mancher Kommilitonen befremdet. Bald lernte sie Gundolf jedoch persönlich kennen und schätzen. Es entwickelte sich ein intellektuelles Naheverhältnis, das sich in Briefen und gegenseitig zugedachten Gedichten manifestiert.

Von Friedrich Gundolf, der zum inneren George-Kreis gehört und sich 1923 mit George überworfen hatte, übernimmt sie den Anspruch auf hohe stilistische und formale Strenge in der Lyrik, die Überzeugung, „daß die äußere Gestalt eines Kunstwerks […] nicht willkürlich wähl- und austauschbare Hülle seines Gehalts [ist] – sondern die aus seinem einmaligen Wesen gewachsene, von ihm durchblutete Haut, die auch ihn wieder nährt und schützt, sich mit ihm wandelnd in unwiederholbarer, lebendiger Symbiose“. Auch teilt sie mit Gundolf die Art des lyrischen Vortrags, wie ihn der George-Kreis pflegte, das Psalmodieren.

Das Manuskript von „Begegnungen mit Gundolf“ zog Melitta Urbancic kurz vor der Veröffentlichung zurück, weil sie mit der Nennung ihres Namens nicht einverstanden war. Das Buch *Begegnungen mit Gundolf* ist 2012 beim Literaturarchiv Marbach erschienen.



Melitta Urbancic, andlitsljósmynd og hvítur kjóll, póstkort til Eriku Mitterer. Koblenz 10. október 1929.

Melitta Urbancic, Fotoporträt mit weißem Kleid, Postkarte an Erika Mitterer. Koblenz 10. Oktober 1929.

Vinfengi við Eriku Mitterer

Í endurminningum sínum, „Begegnungen mit Gundolf“, greinir Melitta Urbancic frá því hvernig háskólinn í Heidelberg varð að „vígvelli“ milli fylgjenda skáldanna Rainers Maria Rilke og Stefans George á námsárum hennar á síðari hluta 3. áratugar aldarinnar. Sjálf stóð hún á milli fylkinganna: „...djúprætt í innilegri aðdáun minni á myrku eðli Rilkes og uppnumin af öldugangi tungumáls hans, en um leið er spámannlegur og mótandi kraftur orða Georges engin mótsögn að mínum dómi, heldur nauðsynleg viðbót, líkt og burðargrind fyrir örlítið titrandi sál þannig að hún öðlist styrk og áttvísi“.

Rilke stóð ekki í bréfasambandi við Melittu Urbancic, en hennar er hins vegar getið með nafni í nokkrum kvæða hans. Í maímánuði 1924 hafði hinn ungi, uppvaxandi rithöfundur, Erika Mitterer, sem þá var aðeins 18 ára, (1906-2001), hafið bréfaskipti við Rilke. Birt bréfin voru síðar talin til vinsælustu verka hennar.

Í 2. kvæðasafni Eriku er að finna hefti með úrvali fyrri kvæða hennar, eins og til kynningar, þar á meðal eitt til Melittu Urbancic. Þær höfðu verið vinkonur síðan á skólaárum sínum, en sú vinátta styrktist við skáldskap og ritstörf beggja. Ungu konurnar voru metnaðarfullar á sviði ljóðagerðar og tileinkuðu hvor annarri kvæði full aðdáunar. Rilke svaraði sendingunni með syrpunni „Die Liebenden“ (Elskendurnir) Erika og Melitta - og nefndi þær ennfremur í einu kvæða sinna.

Þrátt fyrir að leiðir þeirra Melittu Urbancic og Eriku Mitterer skildi síðar, bæði persónulega og bókmenntalega, auk hinnar auknu landfræðilegu fjarlægðar milli þeirra, héldu þær uppi sambandi sín á milli, einnig eftir stríðslok 1945.

Freundschaft mit Erika Mitterer

In ihren Erinnerungen „Begegnungen mit Gundolf“ berichtet Melitta Urbancic davon, wie sich die Heidelberger Universität zu ihrer Studienzeit in den späten 1920er Jahren als „Kampfplatz“ der Rilke- und George-Anhänger präsentierte. Sie selbst stand zwischen den Lagern: „mit inniger Hingebung in Rilkes dunklem Wesen längst verwurzelt und von seiner wehenden Sprache beschwingt, bedeutet mir Georges prophetische und erzieherische Wortkraft keinen Widerspruch, sondern eine notwendige Ergänzung, gleichsam das feste Gerüst, das der zu leicht zerflatternden Seele Halt und Richtung gibt .“

Mit Rilke hat Melitta Urbancic nicht korrespondiert, dafür erscheint sie in einigen seiner Gedichte sogar namentlich. Im Mai 1924 hatte die erst 18jährige angehende Schriftstellerin Erika Mitterer (1906-2001) einen Briefwechsel in Gedichten mit Rainer Maria Rilke begonnen. Dessen Veröffentlichung wurde später eine ihrer populärsten Publikationen.

Ihrem zweiten Briefgedicht legte sie, quasi zur Selbstvorstellung, ein Heft mit einer Auswahl ihrer bisherigen Gedichte vor, darunter eines für Melitta Urbancic. Beide waren seit der Schulzeit befreundet, die Beziehung definierte sich stark über die Dichtung und das Schreiben. Die jungen Frauen hatten Ambitionen als Lyrikerinnen und widmeten einander schwärmerische Gedichte. Rilke reagierte auf die Sendung mit dem Zyklus „Die Liebenden (Erika und Melitta)“ und mit einer weiteren Erwähnung in einem Gedicht.

Der späteren persönlichen und literarischen Distanzierung zum Trotz und über die große geografische Entfernung hinweg blieben Melitta Urbancic und Erika Mitterer auch nach 1945 in Verbindung.



Erika Mitterer um1930 (Erika-Mitterer-félagið, Vínarborg).

Erika Mitterer, ca. 1930 (Erika Mitterer Gesellschaft, Wien).



Victor Urbancic við píanóið, um 1950.

Victor Urbancic am Klavier, um 1950.

Victor Urbancic

1903 fæðist Victor von Urbantschitsch, hinn 9. ágúst, inn í læknafjölskyldu í Vínarborg.
1929 lýkur hann doktorsgráðu frá háskólanum í Vínarborg á sviði tónvísinda um sónötuformið í verkum Johannesar Brahms. Umfangsmikið nám hjá Guido Adler, Paul Weingarten (píanó), Josef Marx (tónsmíðar), Dirk Fock og Clemens Krauss (hljómsveitarstjórn) svo og Wilhelm Fischer (tónvísindi) í Innsbruck.
1920 og árin þar á eftir er hann m. a. hljómsveitarstjóri undir stjórn Max Reinhardt í Theater in der Josefstadt (Vínarborg). Frá 1926 er hann æfingastjóri einsöngvara og einleikara og hljómsveitarstjóri við Stadttheater Mainz.
1930 kvænist hann Melittu Grünbaum.
1932 ræður óperutónskáldið Hans Gál hann kennara í píanóleik og tónfræði og við hljómsveitarstjórnunardeild við tónlistarháskóla Mainzborgar.
1933 hverfur hann aftur til Austurríkis. Hann lýkur ríkisprófi í píanóleik og hefur nám í konsertorgelleik. Hann fær stöðu sem gestastjórnandi við þjóðleikhúsið í Belgrad.
1934 og áfram kennir hann við tónlistarskólann í Graz, en heldur auk þess fjölmarga tónleika og kemur fram sem orgelleikari, píanóleikari, hljómsveitarstjóri og fyrirlesari.
1938 skiptir hann um stöðu að hluta við Franz Mixa, austurrískt tónskáld, sem hafði þá átt þátt í uppbyggingu tónlistarstarfs á Íslandi. Búferlaflutningur til Íslands.
Dr. Urbancic gegnir mikilvægu og ómetanlegu hlutverki í tónlistarlífinu á Íslandi í tvo áratugi. Kennsla við Tónlistarskólann í Reykjavík, ólaunuð staða orgelleikara og kórstjóra við Kristskirkju, kaþólsku kirkjuna í Reykjavík, (þar sem fyrsta mekaníska orgelið á Íslandi er sett upp eftir uppdráttum hans árið 1950). Uppbygging Tónlistarfélagskórsins í Reykjavík.
1943 færir hann upp í fyrsta sinn „Jóhannesarpassíuna“ eftir Johann Sebastian Bach með íslenskum texta og notar *Passíusálma* Hallgríms Péturssonar frá 17. öld sem söngtexta við sálma Bachs. Fyrir þetta stórvirki var hann sæmdur riddarakrossi hinnar íslensku fálkaorðu.
Hann er tónlistarstjóri hins nýstofnaða Þjóðleikhúss til æviloka, (m. a. við fyrstu óperuuppfærsluna, *Rigoletto* 1951, með þátttöku íslenskra söngvara í öllum hlutverkum að undanteknu einu kvenhlutverki sem hin austurríska söngkona Else Mühl syngur). Hann stjórnar þar alls 30 verkum, mestmegnis íslenskum frumuppfærslum: Óperum (m. a. *Töfraflautunni*), óperettum (m. a. *Leðurblökunni*) og leikritum með hljómsveitarleik. Hann stjórnar iðulega flutningi mikilla hljómsveitartónverka eftir stofnun Sinfóníuhljómsveitar Íslands árið 1950. Heil kynslóð tónskálda, sem hefja nám sitt seint á 4. áratugnum og síðar og starfa sum fram undir þetta, eru lærisveinar hans.
1958 Victor Urbancic andast í Reykjavík, hinn 4. apríl það ár.

Meðal verka Victors má nefna kammertónlistarverk, tríó fyrir píanó, klarínettu og selló (1921), auk allmargra ljóðalaga (þ. á. m. „Elisabeth“ við texta eftir Hermann Hesse), leikhústónlist, verk í fimm köflum fyrir píanó og málmblásturshljóðfæri (1939), „Concertino“ fyrir þrjá saxófóna og strengjahljómsveit (1945), Kristkonungsmessu (1946) og „Gamanforleik“, „Burleske Orchesterouvertüre“ í C-dúr, tileinkaða Sinfóníuhljómsveit Íslands (1952). Kantatan „Óður Skálholts“, samin árið 1956 fyrir tónsmíðasamkeppni í tilefni af 900. ártíð fyrstu íslensku biskupsvígslunnar á Íslandi, var reyndar ekki frumflutt fyrr en árið 1996.

Victor Urbancic

Am 9. August 1903 wird Victor von Urbantschitsch in eine Wiener Ärztefamilie geboren.
1926 Promotion an der Universität Wien im Fach Musikwissenschaft über die Sonatenform im Werk Johannes Brahms. An der Hochschule für Musik umfassende Ausbildung bei Guido Adler, Paul Weingarten (Klavier), Josef Marx (Komposition), Dirk Fock und Clemens Krauss (Dirigieren) sowie Wilhelm Fischer (Musikwissenschaft) in Innsbruck.
1920er Jahre u. a. Kapellmeister unter Max Reinhardt am Theater in der Josefstadt Ab 1926 Solorepetitor und Kapellmeister am Stadttheater Mainz.
1930 Heirat mit Melitta Grünbaum.
1932 Der Opernkomponist Hans Gál holt Urbantschitsch als Lehrer für Klavier, Theorie und der Kapellmeisterschule an die Mainzer städtische Musikhochschule.
1933 Rückkehr nach Österreich.
In Wien Staatsprüfung für Klavier und Beginn des Studiums der Orgel im Konzertfach. Gastdirigat am Nationaltheater in Belgrad.
Ab 1934 Lehrtätigkeit am Konservatorium in Graz. Daneben zahlreiche Konzerte und Veranstaltungen als Organist, Pianist, Dirigent und Vortragender.
1938 teilweiser Stellentausch mit dem in Island tätigen österreichischen Komponisten Franz Mixa, der dort am Aufbau einer musikalischen Szene beteiligt war. Übersiedlung nach Island.
Zwei Jahrzehnte lang spielt Urbancic eine wichtige und unverzichtbare Rolle im Musikleben der Insel. Unterricht am Musikkonservatorium Reykjavík, ehrenamtliche Tätigkeit als Organist und Chorleiter der katholischen Gemeinde (Kristskirkja). (Dort 1950 Bau der ersten mechanischen Orgel auf Island nach Plänen von Urbancic.) Aufbau des Gemischten Chors der Philharmonischen Gesellschaft.
1943 Erstaufführung der „Johannes Passion“ von Johann Sebastian Bach in isländischer Sprache. Urbancic unterlegt die Bach-Choräle mit *Passionsgedichten* des isländischen Dichters Hallgrímur Pétursson aus dem 17. Jahrhundert. Dafür Auszeichnung mit dem Ritterkreuz des isländischen Falkenordens. Bis zu seinem Tod musikalischer Leiter am neugegründeten isländischen Nationaltheater (u. a. auch bei der ersten Opernaufführung, die bis auf die österreichische Sopranistin Else Mühl ausschließlich mit isländischen Sängern besetzt war, *Rigoletto* 1951). Er dirigiert dort insgesamt dreißig Stücke, größtenteils in isländischen Erstaufführungen: Opern (u. a. *Die Zauberflöte*), Operetten (u. a. *Die Fledermaus*) und Schauspielmusiken. Mehrmals Leitung von großen Orchesterkonzerten des 1950 gegründeten Symphonieorchesters Islands.
Eine ganze Generation von isländischen Komponisten, die ab den späten 1930er Jahren mit dem Studium begann und teilweise bis in die Gegenwart wirkt, zählte zu seinen Schülern und Studenten.
Victor Urbancic stirbt am 4. April 1958 in Reykjavík.



Victor Urbancic stjórnar Útvarpshljómsveitinni í upptökusal Ríkisútvarpsins, frá upphafi 5. áratugarins.

Victor Urbancic dirigiert das isländische Rundfunkorchester im Aufnahmesaal des isländischen Rundfunks, Anfang 1940er Jahre.

Zu seinen Werken zählen Kammermusik, ein Trio für Klavier, Klarinette und Cello (1921) sowie zahlreiche Lieder (darunter „Elisabeth“ nach Texten von Hermann Hesse). Mehrere Bühnenmusiken, ein fünfsätziges Werk für Klavier und Blechbläser (1939), ein „Concertino“ für drei Saxophone und Streichorchester (1945), eine Christkönigsmesse (1946) sowie eine dem Isländischen Symphonieorchester gewidmete „Burleske Orchesterouvertüre“ in C-Dur (1952). Die Kantate „Óður Skálholts“, geschrieben 1956 anlässlich eines Kompositionswettbewerbes zur Feier des 900. Jubiläums der Bischofsweihe des ersten Isländers, gelangte erst 1996 zur Uraufführung.

Það var aðeins lítill hópur menntamanna og stjórnmálamanna, sem hóf baráttu fyrir hagsmunum flóttamanna, eins og læknarnir Katrín Thoroddsen og Jónas Sveinsson, Hendrik Ottósson, rithöfundur, Ragnar Jónsson, bókaútgefandi og iðnrekandi, og C.A.C. Brun, fulltrúi í danska sendiráðinu á Íslandi. Árið 1940 varð breyting á er teknar voru upp guðsþjónustur fyrir gyðingahermenn í breska og síðar bandaríska hernámsliðinu í landinu og í kringum þessa starfsemi þróaðist lítils háttar gyðingleg félagsstarfsemi sem hinir fáu gyðingar, sem þá voru í landinu, gátu tekið þátt í. Þannig varð Arnold Zeisel, leðuriðjuhöldur frá Vínarborg, fyrsti formaður gyðingasamkundu á Íslandi.

Innflytjendur stríðsáranna voru einnig auðþekkjanlegir eftir stríðslok í íslensku samfélagi. Þeim, sem fengu íslenskan ríkisborgararétt, var gert að taka upp íslensk nöfn: Harry Rosenthal varð Haraldur Magnússon, Hans Mann varð Hans Jacobsson, Heinz-Karl Friedländer tók upp nafnið Hjörtur Haraldsson og Otto Weg Ottó Arnaldur Magnússon. Victor Urbantschitsch breytti rithætti nafns síns í Urbancic árið 1949 að upprunalegum hætti forfeðra sinna í Slóveníu til að hlífa Íslendingum við flókinni þýskri stafsetningu nafnsins. Hefði hann öðlast íslenskt ríkisfang nokkru síðar hefði honum líklega verið gert að taka upp nafnið Victor Ernstsson.

Í útlegð á Íslandi – lífs- og starfsskilyrði

Þegar Urbancic-fjölskyldan kom til Íslands hafði landið fengið fullveldi 1918 en var áður undir danskri stjórn frá 1380. Enginn her var á Íslandi og var landið hernumið af Bretum árið 1940 með allt að 25.000 manna setuliði og missti þar með hlutleysi sitt. Bandaríkin leystu breska setuliðið af hólmi árið 1941 til að létta álaginu af Bretum, hálfu ári áður en Bandaríkin hófu raunveruleg afskipti af átökum seinni heimsstyrjaldarinnar. Lýðveldi var stofnað á Íslandi árið 1944 og erlent herlið hvarf á brott af landinu árið 1945. Árið 1951 komu Bandaríkin upp varanlegum herstöðvum í landinu. Victor Urbancic hafði ekki stöðu flóttamanns, heldur var með ráðningarsamning upp á vasann við komuna til landsins í ágúst árið 1938. Melitta Urbancic, sem þá var enn í Austurríki, yfirgaf landið í ofboði með þremur börnum sínum eftir að hafa fengið viðvörun um yfirvofandi handtöku og kom til Íslands um Danmörku mánuði síðar. Hið forneskjulega og ókunnuglega umhverfi landsins með erfiðu veðurfari og framandi landslagi, auk tungumálaerfiðleika, urðu Melittu ítrekað að yrkisefni, en hún ásetti sér að sigrast á þessum áskorunum aðstæðnanna í útlegðinni og lifa eðlilegu lífi.

Ísland reyndist á fjórða áratugnum erfitt og ógestrisið land fyrir fólk í útlegð frá Þýskalandi og Austurríki, og ekki aðeins af veðurfarslegum ástæðum. Þegar árið 1933 var stofnaður lítill Flokkur þjóðernissinna hér á Íslandi, sem stofnaði til opinberra tengsla við nasistaflokkinn í Þýskalandi árið eftir. Menn gerðu sér vonir um stuðning úr þeirri átt í sjálfstæðisbaráttunni á þessum árum. Aldrei fékk flokkurinn þó fulltrúa á Alþingi. Skipulögð samtök nasista á Íslandi voru hins vegar minni ógn við gyðinga, sem fluttust til landsins, en almenn andúð í þjóðfélaginu sem að miklum hluta var þjóðernisleg, óvinveitt útlendingum, blönduð gyðingahatri – sumpart af efnahagslegum ástæðum. Þar við bættist að yfirvöld í landinu voru mjög íhaldssöm í flóttamannamálum og efldist sú afstaða um allan helming eftir valdatöku nasista í Austurríki. Árið 1938 lokuðu Danir landamærum sínum fyrir flóttamönnum frá Austurríki. Íslensk yfirvöld fylgdu brátt í kjölfarið, neituðu útlendingum um dvalar- og atvinnuleyfi, sendu gyðinga til baka til Danmerkur eða heimalanda sinna og ofurseldu þá þannig ofsækjendum sínum.

Exil in Island – Lebens- und Arbeitsbedingungen

Als die Familie Urbancic in Island eintraf, war dieses Land, das seit 1380 unter der dänischen Krone gestanden hatte, eingeschränkt unabhängig und in loser Personalunion mit Dänemark verbunden, aber seit 1918 auf dem Weg zur Selbständigkeit. Es war ein Land ohne Armee, wurde aber im Mai 1940 unter Verletzung seiner Neutralität von den Briten besetzt, die 25.000 Mann hier stationierten. Die USA übernahmen im Juli 1941 die Besetzung Islands, um die britische Armee zu entlasten – ein halbes Jahr vor ihrem offiziellen Kriegseintritt. Im Juni 1944 wurde Island Republik, die fremden Streitkräfte verließen 1945 das Land. 1951 errichteten die Amerikaner einen dauerhaften Stützpunkt auf der Insel. Victor Urbancic kam im August 1938 nicht im Status eines Flüchtlings nach Island, sondern mit einem Arbeitsvertrag. Melitta Urbancic, die sich noch in Österreich befand, brach, nachdem sie vor einer Verhaftung gewarnt worden war, mit den drei Kindern überstürzt auf und reiste einen Monat später via Dänemark ein. Die befremdende Exotik des Gastlandes mit seinem anspruchsvollen Klima, der vorzeitlichen Landschaft und der schwierigen Sprache hat Melitta Urbancic in vielen Gedichten zum Thema gemacht, aber auch ihren Vorsatz, die Herausforderungen des Exildaseins anzunehmen und pragmatisch zu leben.

Island zeigte sich in den 1930er Jahren nicht nur aus klimatischen Gründen als rauhes und widerstrebendes Exilland für Flüchtlinge aus Deutschland und Österreich. Schon 1933 war eine kleine Nazipartei gegründet worden, 1934 nahm die Flokkur Þjóðernissinna (die Nationalistische Partei) offizielle Verbindungen mit der NSDAP auf. Man erhoffte sich Unterstützung in den nationalen Unabhängigkeitsbestrebungen. Ins Parlament kam sie allerdings nie. Die organisierten isländischen Nazis waren für jüdische Emigranten weniger bedrohlich als die isländische Gesellschaft selbst, deren große Teile – auch wirtschaftlich bedingt – eine nationalistische, fremdenfeindliche, antisemitische Grundhaltung einnahmen. Zudem verhielten sich die isländischen Autoritäten sehr restriktiv zur Flüchtlingsfrage, die mit der Machtübernahme der Nazis in Österreich eine neue Dimension erhielt. 1938 schloß Dänemark seine Grenzen für die österreichischen Flüchtlinge. Die isländische Einwanderungsbehörde zog bald nach, verweigerte Aufenthaltsgenehmigungen, sprach Arbeitsverbote für Ausländer aus, schickte Juden nach Dänemark oder in ihre Herkunftsländer zurück und lieferte sie so tödlicher Verfolgung aus.

Nur eine kleine Gruppe von Intellektuellen und Politikern setzte sich aktiv für die Flüchtlinge ein, wie die Ärzte Katrín Thoroddsen und Jónas Sveinsson, der Schriftsteller Hendrik Ottósson, der Verleger und Fabrikant Ragnar Jónsson sowie der Sekretär der Dänischen Delegation in Reykjavík, C.A.C. Brun. 1940, mit der Ankunft der britischen und später der amerikanischen Truppen, entwickelte sich rund um die ersten Gottesdienste für jüdische Soldaten ein marginales jüdisches Leben, dem sich die wenigen in Island verbliebenen Juden anschlossen. Arnold Zeisel, Lederfabrikant aus Wien, wurde zu Beginn der 1940er Jahre Vorsitzender der ersten Jüdischen Gemeinde Islands.

Die Emigrantengemeinde blieb auch nach dem Krieg überschaubar, mit der Staatsbürgerschaft wurde auch eine Islandisierung der Namen verpflichtend: Harry Rosenthal wurde Haraldur Magnússon, Hans Mann zu Hans Jacobsson, Heinz Karl Friedländer wurde Hjörtur Haraldsson und Otto Weg Ottó Arnaldur Magnússon. Victor Urbantschitsch änderte 1949 seinen Namen auf Urbancic, auf die ursprüngliche, von seine slowenischen Vorfahren verwendete Form, um den Isländern die komplizierte deutsche Schreibweise zu ersparen. Wäre er etwas später isländischer Staatsbürger geworden, hätte er sich vermutlich Victor Ernstson nennen müssen.



Melitta Urbancic við kynningu á býflugnarækt, um 1958. Hlín Eiríksdóttir (ásamt dóttur sinni), Ragnar Jónsson (í Smára) ásamt konu sinni Björgu Ellingsen og Geir Gígja.

Melitta Urbancic bei der Förderung der Bienenzucht, etwa 1958. Hlín Eiríksdóttir (mit ihrer Tochter), Ragnar Jónsson mit seiner Frau Björg Ellingsen und Geir Gígja.

Í útlegð á Íslandi – gagnkvæm menningarsamskipti

Líf listamannahjónanna Melittu og Victors Urbancic einkenndist af miklum menningarsamskiptum milli landanna tveggja, sem þau töldu sig standa í þakkarskuld við vegna útlegðarinnar, eða eins og Melitta orðaði það þegar hún sagði að eiginmaður sinn [hafi smíðað] „andlega brú milli ættjarðar hjarta síns, sem hann hafi aldrei gleymt, og listar sinnar og landsins sem örlögin hafi vísað honum á til að erja“.

Melittu Urbancic lánaðist að nýta tungumálakunnáttu sína, sem hún hafði tileinkað sér í Vínarborg, til kennslu í ensku, frönsku og þýsku árum saman (við Menntaskólann í Reykjavík, Berlitz-skólann og í einkakennslu). Hún hafði auk þess kynnt sér býflugnarækt hjá hinum austurríska býflugnafræðimanni Karl von Frisch og gerðist í lok 6. áratugarins frumkvöðull í að koma af stað býflugnarækt hér á landi, sem fram til þess tíma hafði verið talin stranda á veðurfarsaðstæðum, og tók að sér að segja verðandi býflugnabændum til. Hún kynnti meginlandsbúum Evrópu íslenska menningu og bókmenntir með bréfaskiptum sínum og þýðingum. Að þessu leyti snertust viðfangsefni þeirra hjóna.

Victor Urbancic vann á árunum milli 1940 og 1956 að söfnun íslenskra þjóðlaga (sem að hluta voru ekki til nema í munnlegri geymd), raddsetti þau fyrir blandaðan kór og kynnti þennan þátt alþýðlegrar tónlistarhefðar fyrir alþjóð með fyrirlestrum og tónflutningi með íslenskri söngsveit sinni (útvarps- og plötuupptökum og tónleikum). Til að vekja einnig athygli á þessu á alþjóðavettvangi þýddi Melitta Urbancic textana á ensku og þýsku. Af fyrirhugaðri útgáfu þessara verka varð þó ekki um sinn vegna ótímabærs andláts Victors. Melitta hélt áfram vinnu við þetta undirstöðuverk íslenskrar tónlistarhefðar uns próförk var tilbúin hjá útgáfufyrirtækinu Universal Edition. Þar strandaði verkefnið eftir japl og jaml og fuður á flóknum höfundarréttarvandamálum. Það var ekki fyrr en árið 1998 að prentað safn með 12 völdum titlum leit dagsins ljós, gefið út af Tónverkamiðstöðinni, (MIC – Music Information Centre).

Exil in Island – Interkulturelle Korrespondenzen



Das Künstlerpaar Melitta und Victor Urbancic hat exemplarisch einen dem Exil geschuldeten kulturellen Austausch zwischen beiden Ländern gelebt, in Melittas Worten: Ihr Mann habe „eine geistige Brücke (geschlagen) zwischen der nie vergessenen Heimat seines Herzens und seiner Kunst und dem Land, das ihm das Schicksal als Ackerboden angewiesen hat".

Melitta Urbancic konnte ihre in Wien erworbene Sprachausbildung viele Jahre als Lehrerin für Englisch, Französisch und Deutsch (am Gymnasium, der Berlitz-Schule und im privaten Unterricht) einsetzen. Instruiert von dem österreichischen Bienenforscher Karl von Frisch, wurde sie Ende der 1950er Jahre zu einer Pionierin der Bienenzucht in Island, die bis dato an den klimatischen Voraussetzungen gescheitert war, und sie unterrichtete auch angehende Imker. Als Korrespondentin und Übersetzerin brachte sie den Europäern die Kultur und Literatur Islands nahe. Hier überschnitten sich ihre Interessen mit denen ihres Mannes und führten zu einem gemeinsamen Projekt.

Victor Urbancic arbeitete zwischen 1940 und 1956 an einer Sammlung (zum Teil nur mündlich überlieferter) isländischer Volkslieder, die er für gemischten Chor aussetzte. In Vorträgen und in musikalischer Praxis mit seinem isländischen Chor (Rundfunkaufnahmen, Plattenaufnahmen, Konzerte) machte er diesen Teil heimischer Gesangstradition landesweit bekannt. Um auch international beachtet zu werden, wurden die Texte von Melitta Urbancic ins Englische und Deutsche übersetzt. Zur geplanten Drucklegung kam es durch den frühen Tod Urbancics nicht mehr, Melitta Urbancic setzte die Arbeit an diesem Grundlagenwerk isländischer Musikkultur fort, eine Ausgabe bei Universal Edition war bis zur Druckfahne gediehen. Das Projekt scheiterte nach vielen Querelen an urheberrechtlichen Problemen, erst 1998 erschien eine gedruckte Serie mit ausgewählten 12 Titeln, herausgegeben vom isländischen Music Information Centre (MIC).




Melitta Urbancic, Gabríel erkiengill/ Erzengel Gabriel.

Myndhöggvarinn Melitta Urbancic

Melitta Urbancic hefur – auk brjóstmynda og stórra höggmynda – látið eftir sig smærri hluti eins og t. d. Bókastoðirnar, með dönskum ævintýraminnum. Annað verk nefnt „Pietà“, vísar til efnis í kvæði Jónasar Hallgrímssonar, „Fýkur yfir hæðir“, þar sem segir frá móður sem skýlir barni sínu fyrir nístingskulda; barnið hélt lífi en móðirin króknaði.

Viðfangsefni verka hennar má iðulega rekja til minna úr kristnu trúarumhverfi, en vitna um leið um djúp tengsl hennar við gyðingdóminn.



Melitta Urbancic, Hiob/Job, gipsmynd á endurhæfingardeild Grensásdeildar Landspítalans, 1943. Áletrun á sökkli: Drottinn gaf, og Drottinn tók. Lofað sé nafn Drottins. Ljósmynd: Nanna Bisp Büchert.

Melitta Urbancic, Hiob / Job, Plastik in der Rehabilitationsabteilung eines Spitals in Reykjavík, 1943. Sockeltext: „Der Herr gab und der Herr nahm. Gelobet sei der Name des Herrn“, Foto: Nanna Bisp Büchert.

Melitta Urbancic als Bildhauerin

Melitta Urbancic hat neben Porträtbüsten und Skulpturen auch kleinere bildhauerische Arbeiten hinterlassen wie die Buchstützen mit Motiven aus der dänischen Märchentradition. Eine andere Arbeit, die „Pieta“, ist nach einem Gedicht des isländischen Nationaldichters Jónas Hallgrímsson, „Fýkur yfir hæðir” (Schneewehen über Hügel) gemacht und handelt von einer Frau, die in der Kälte erfriert, aber ihr kleines Kind warm hält, welches überlebt.

Das bildhauerische Werk ist von Motiven aus der christlichen Glaubenswelt bestimmt und reflektiert zugleich ihre tiefe Bindung an das Judentum.





Legsteinn á leiði, Reykjavík. Höggmynd eftir Melittu Urbancic í mynd orgels á leiði Victors Urbancic. Þrátt fyrir áletrunina (nöfn beggja) hvílir aðeins Victor í kirkjugarðinum. (Melitta Urbancic hvílir í Purkersdorf, í grennd við Vínarborg). Ljósmynd: Nanna Bisp Büchert.

Grabstein, Reykjavík. Die aus einem Orgelmotiv entwickelte Skulptur von Melitta Urbancic bezeichnet entgegen der Beschriftung nur das Grab von Victor Urbancic. Melitta Urbancic ist in Purkersdorf bei Wien begraben, Foto: Nanna Bisp Büchert.



Melitta Urbancic um 1980/etwa 1980.

Síðari framvinda

Melitta Urbancic var fyrst viðurkennd sem rithöfundur meðal útlægra kollega sinna eftir stríðslok 1945. Í fyrsta yfirlitsriti um austurríska ljóðaskáldskap útlaga, *Dein Herz ist Deine Heimat* (Ættjörð þín er hjarta þitt, 1955) er henni helgað rými svo og í sams konar vestur-þýsku safni, *An den Wind geschrieben*. Lyrik der Freiheit 1933-1945 (Skráð í vindinn. Ljóð frelsisins) í ritstjórn Manfreds Schlössers.

Felix Braun fékk hana til að þýða kvæði úr íslensku í safnrit sitt *Die Lyra des Orpheus* (Harpa Orfeifs, 1952). Þýðing hennar á verki Jóhanns Sigurjónssonar (1880-1919) var aftur birt árið 2011 í yfirlitsriti um ljóðaskáldskap hjá Insel Verlag, í tilefni af því að Ísland var í aðalhlutverki á Bókamessunni í Frankfurt það ár.

Austurríski rithöfundurinn Rudolf Habringer reisti Urbancic-fjölskyldunni verðugan bókmenntalegan minnisvarða árið 2008 með skáldsögu sinni *Island-Passion*. Þar lætur hann aðalpersónu sína, hinn unga Austurríkismann Richard Behrend, ferðast til Íslands árið 1972 þar sem hann rekst á slóð tónlistarmannsins Karls Walleks, sem varð að yfirgefa Graz í Austurríki ásamt fjölskyldu sinni árið 1938 og öðlaðist ekki eingöngu nýtt heimili á Íslandi, heldur einnig viðurkenningu á starfsvettvangi sínum.

Saga Walleks lætur Behrend ekki í friði þaðan af og hann tekur sér fyrir hendur að leita eftir slóðum bæði á Íslandi og í Austurríki. Við það rekst hann á ögrandi samsvaranir og bældar tilfinningar og upplifir hvernig örlög útlagans Walleks – saga flótta, einmanaleika og nýs upphafs – endurspeglast í hans eigin ævi, enda liggur einnig fyrir honum að lokum að skiljast við kunnuglegt umhverfi sitt og hefja nýtt líf á eyjunni í Norðurhöfum. Með frásögninni af Wallek segir Rudolf Habringer einnig sögu ólokinnar fortíðar í Austurríki, en afleiðingar hennar ná allt til samtímans.

Nachgeschichte(n)

Melitta Urbancic wurde nach 1945 als Autorin zunächst im Umkreis der Exilliteratur wahrgenommen. In der ersten österreichischen Lyrikanthologie des Exils „Dein Herz ist Deine Heimat“ (1955) ist sie ebenso vertreten wie in der bundesrepublikanischen Sammlung „An den Wind geschrieben. Lyrik der Freiheit 1933 – 1945“ von Manfred Schlösser (1960).

Felix Braun nahm sie als Übersetzerin aus dem Isländischen in seine Sammlung „Die Lyra des Orpheus“ (1952) auf. Ihre Übertragung von Jóhann Sigurjónsson (1880- 1919) erschien 2011 erneut in einer Lyrikanthologie des Insel Verlags zum Länderschwerpunkt Island auf der Frankfurter Buchmesse.

Ein literarisches Denkmal hat der oberösterreichische Autor Rudolf Habringer 2008 der Familie Urbancic mit seinem Roman „Island-Passion“ gesetzt. Er läßt seinen Protagonisten, den jungen Österreicher Richard Behrend, 1972 nach Island reisen, wo er auf die Spuren des Musikers Karl Wallek stößt, der 1938 mit seiner Familie aus Graz fliehen mußte und in Island nicht nur ein Zuhause, sondern auch berufliche Anerkennung fand.

Walleks Geschichte läßt Behrend von da an nicht mehr los, und er begibt sich auf Spurensuche in Island und Österreich. Dabei trifft er auf irritierende Zusammenhänge und verdrängte Gefühle und erlebt, wie das Schicksal des Exilanten Wallek – eine Geschichte der Flucht, der Einsamkeit und des Neuanfangs – zum Spiegel seines eigenen Lebens wird, denn auch er wird schließlich Bekanntes hinter sich lassen und auf der Insel im Atlantik einen neuen Beginn wagen. Rudolf Habringer erzählt mit der Geschichte der Walleks auch die Geschichte von nicht bewältigter Vergangenheit in Österreich, deren Konsequenzen bis in die Gegenwart reichen.



Melitta Urbancic á sjúkrabeði með dóttursyni sínum, frá 9. áratug.

Melitta Urbancic am Krankenbett mit ihrem Enkel, 1980er Jahre.







LANDSBÓKASAFN ÍSLANDS
HÁSKÓLABÓKASAFN

Reykjavík
Bókmenntaborg
UNESCO

Stofnun
VIGDÍSAR FINNBOGADÓTTUR
í erlendum tungumálum

Österreichische Botschaft
Kopenhagen